

EIGENDAFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2002, miðvikudaginn 13. nóvember var haldinn eigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur í Stöðvarstjórahúsinu í Elliðaárdal og hófst kl. 12:00.

Viðstaddir voru borgarstjóri Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, bærarstjórinn á Akranesi Gísli Gíslason, bærarstjórinn í Garðabæ Ásdís Halla Bragadóttir, bærarstjórinn í Hafnarfirði Lúðvík Geirsson, bærarstjórinn í Borgarbyggð Páll S. Brynjarsson, sveitarstjórinn í Borgarfjarðarsveit Sveinbjörn Eyjólfsson, borgarritari Helga Jónsdóttir, formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnarmenn Alfreð Þorsteinsson, Björn Bjarnason, Guðlaugur Þór Þórðarson, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Sveinn Kristinsson, Tryggvi Friðjónsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur Guðmundur Þóroddsson, aðstoðarforstjórar Ásgeir Margeirsson og Hólmsteinn Sigurðsson, Eyjólfur Sæmundsson, Andri Árnason hrl. Hjörleifur B. Kvaran borgarlögmaður og Ólafur Jónsson.

Þetta gerðist:

1. Stjórnarformaður setti fundinn og lagði til að Helga Jónsdóttir borgarritari yrði fundarstjóri.
Samþykkt.
2. Fundarstjóri taldi fundinn löglegan þar sem réttilega hefði verið til hans boðað og fulltrúar allra eigenda væru viðstaddir.
3. Lagt til að Ólafur Jónsson yrði ritari fundarins.
Samþykkt.
4. Lögð fram erindi bærarstjóra Garðabæjar frá 18. og 22. f.m. varðandi fjárhagslegar skuldbindingar Orkuveitu Reykjavíkur svo og erindi frá 4. þ.m. varðandi aðild Garðabæjar að sameignarfélaginu Orkuveitu Reykjavíkur.
Samþykkt að fela forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur að ganga til viðræðna við bærarstjóra Garðabæjar um erindið.
5. Lögð fram tillaga um breytingu á 7. gr sameignarsamnings um Orkuveitu Reykjavíkur svohljóðandi:

Orkuveitu Reykjavíkur er heimilt að taka lán til þarfa fyrirtækisins og taka ábyrgð á greiðslum og öðrum skuldbindingum í sama skyni. Nýjar ábyrgðir og skuldbindingar stjórnar umfram 5% af höfuðstól á ári hverju skulu lagðar fyrir eigendur fyrirfram til samþykktar. Undir þetta ákvæði falla ekki skammtímalántökur, þ.e. lántökur til skemmri tíma en 12 mánaða, skuldbreytingar eldri langtímalána enda séu lánskjör sambærileg og áður, greiðsluskuldbindingar samkvæmt fjárhags- og framkvæmdaáætlun, samningar um raforkukaup og sölu svo og greiðsluskuldbindingar sem forstjóra er heimilt að stofna til án atbeina stjórnar. Með höfuðstól er átt við bókfært eigið fé Orkuveitu Reykjavíkur í lok næstliðins árs.

Heimild til að skuldbinda sameignarfyrirtækið, með þeim takmörkunum sem fram koma í 1. mgr. þessarar greinar, er í höndum stjórnar þess og nægir atkvæði meirihluta stjórnarmanna til þessa. Með skuldbindingum er í ákvæði þess átt við lántökur, kaup, sölu eða veðsetningu á fasteignum fyrirtækisins eða öðrum veigameiri eignum þess, hlutabréfum, lánveitingum o.þ.h.

Hver eigandi um sig er í einfaldri hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldbindingum fyrirtækisins. Hlutfallsleg einföld ábyrgð hvers eiganda um sig tekur mið af eignarhluta hans í fyrirtækinu, sbr. 4. gr.

Samþykkt með atkvæðum allra eigenda nema fulltrúa Garðabæjar.

Björn Bjarnason og Guðlaugur Þór Þórðarson óskuðu bókað:

“Við fögnum því, að það hefur verið staðfest af borgarlögmanni á fundinum, að skýra beri 5% ákvæðið í lögum og sameignarsamningi á þann veg, að um sé að ræða uppsafnaðar skuldbindingar á árinu.”

Bæjarstjóri Garðabæjar óskaði bókað:

“Garðabær mótmælir samþykkt breytingu á sameignarsamningi sem fer gegn lögum nr. 139/2001. Slík breyting samningsins hefur ekki lagalega þýðingu.”

Sameiginleg bókun borgarstjórnans í Reykjavík, bæjarstjórnans á Akranesi, bæjarstjórnans í Borgarbyggð, bæjarstjórnans í Hafnarfirði og sveitarstjórnans í Borgarfjarðarsveit:

“Breytingin á 7. gr. sameignarsamningsins hefur verið borin undir borgarlögmann og lögfræðinga Landsvirkjunar, sem telja að hún standist að öllu leyti lög um Orkuveitu Reykjavíkur og Landsvirkjun. Fyrirmynd að 1. gr. laga um Orkuveitu Reykjavíkur er sótt til 14. gr. laga um Landsvirkjun. Breytingin er nauðsynleg til að reka megi fyrirtækið á eðlilegan hátt og til frekari skýringar á 1. gr. laga um Orkuveitu Reykjavíkur nr. 139/2001. Ákvæðið er að auki í samræmi við þá framkvæmd, sem verið hefur í samskiptum Landsvirkjunar og eigenda hennar en lagaákvæði fyrirtækjanna eru samkynja varðandi ábyrgðir og skuldbindingar, sem bera þarf undir eigendur”.

Bókun bæjarstjóra Garðabæjar á því ekki við rök að styðjast og er vísað á bug.

Fundi slitið kl. 13:40

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Gísli Gíslason, Lúðvík Geirsson,
Páll S. Brynjarsson, Sveinbjörn Eyjólfsson.